

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Austurför ehf.  
kt. 621215-1080

Starfsstöð: Kaupvangur 17, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 232-1272

Leyfið gildir frá dd. mmm 2026 til dd. mmm 2038

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Tjaldsvæði

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Austurför ehf., kt. 621215-1080

Starfsstöð: Kaupvangur 17, 700 Egilsstaðir

Fastanúmer: 232-1272

Leyfið gildir frá dd. mmm 2026 til dd. mmm 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Tjaldsvæði**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 25. febrúar 2026.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

### 1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi fyrir tjaldsvæði við Kaupvang 17. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst hefur starfsleyfishafi heimild til að nýta svæði vestan Kaupvangs, alls um 6.100 m<sup>2</sup>, sjá mynd af svæði í fylgiskjali. Reitinn vestan Kaupvangs má skv. samningi við sveitarfélagið Múlaþing einungis nýta þegar eiginlegt tjaldsvæði er fullnýtt.

Þjónustuhús við Kaupvang er með eftirfarandi aðstöðu:

- 7 salerni, 2 þvagstæði, 7 vaskar og 4 sturtur
- Fullbúin baðaðstaða fyrir fatlaða, ásamt skiptiborði
- Sameiginlegt rými: 2 þvottavélar og 2 þurrkarar ásamt stórum vaski

Auk þess eru útivaskar fyrir gesti tjaldsvæðisins og leiksvæði á vegum Múlaþings.

Meðal annars skal farið eftir:

- Reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatæka og leiksvæða og eftirlit með þeim.
- Starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði

## 2. Annað sem varðar starfsemina.

### 2.1. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

### 2.2. Fráveita

Um er að ræða opinbera fráveitu.

Á svæðinu er aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

### 2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnóta skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

### 2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

## 3. Takmarkanir á starfleyfi

Starfsleyfi þetta er veitt með fyrirvara um samþykki og gildandi samninga við sveitarfélagið Múlaping vegna afnota af landi. Verði breytingar á skipulagi svæðisins eða samningum við sveitarfélagið sem hafa áhrif á rekstur tjaldsvæðisins, getur heilbrigðisnefnd endurskoðað eða fellt niður starfsleyfið.

dd. mmm 2025  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn  
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal með starfsleyfi.



Tillag

lyfi

## **Starfsleyfiskilyrði fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði vegna hollustuhátta, sbr. lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir**

### **1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ**

- 1.1 Skilyrði þessi eru almenn fyrir starfsleyfisskyldan atvinnurekstur samkvæmt reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.
- 1.2 Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, samþykktir og starfsleyfiskilyrði. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi ekki verið gefið út.
- 1.3 Rekstraraðili skal sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemin standist skipulag.
- 1.4 Starfsleyfi skal vera sýnilegt viðskiptavinum.
- 1.5 Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfis.
- 1.6 Verði frávik frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa heilbrigðisnefnd tafarlaust um það og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.
- 1.7 Ef um annan leyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi skilyrði.
- 1.8 Starfsleyfið gildir einungis fyrir þann rekstraraðila og í því húsnæði eða aðstöðu sem skráð er á starfsleyfið. Flytji starfsemin í annað húsnæði eða taki annar rekstraraðili við starfseminni skal sækja um nýtt starfsleyfi. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

### **2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR**

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið og fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræsingu í samræmi við eðli starfseminnar.
- 2.2 Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.3 Eigandi eða umráðamaður húsnæðis og/eða mannvirkis skal, m.a. við framkvæmdir, halda eigninni við og halda henni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði, þannig að valdi fólki ekki ónæði eða stefni heilsu þess í hættu.
- 2.4 Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.

- 2.5 Aðgangur skal vera að neysluvatni. Um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 2.6 Starfsfólk og viðskiptavinir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni og loftræstri snyrtingu. Fullbúin snyrting er rými með salerni, salernispappír, handlaug með rennandi vatni, spegli, sápu, handþurrkum og ruslafötu, sem og tíðavörum eftir atvikum. Þar sem við á skal hafa sér snyrtingu fyrir starfsfólk samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins.  
Þar sem snyrtingar kvenna og karla eru aðskildar skal einnig vera til staðar kynhlutlaus snyrting. Aðstaða til að skipta á börnum skal vera til staðar sé um að ræða staði þar sem gert er ráð fyrir að komið sé inn með ungabörn.  
Snyrting má ekki opnast beint út í aðstöðu þar sem matvæli eru meðhöndluð.  
Snyrting skal aðgreint frá því rými þar sem fólk hefst við að jafnaði.
- 2.7 Um fjölda og gerð snyrtinga fer samkvæmt ákvæðum í byggingarreglugerð.
- 2.8 Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um að í húsnæði sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og tiltekinn búnað þar sem þess er þörf.

### 3. HÁVAÐI

- 3.1 Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða og gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum í starfsemi eða nærumhverfi.

### 4. HREINLÆTI OG ÞRIF

- 4.1 Rekstraraðilum ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyra viðkomandi rekstri.
- 4.2 Rekstraraðilar skulu gæta þess að starfsstöðvar verði ekki útbreiðslustaðir smitsjúkdóma. Ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm eða annað sem getur ógnað öryggi skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd.
- 4.3 Starfsfólk skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum fatnaði við störf sín.
- 4.4 Sé þvottur þveginn á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.
- 4.5 Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega eða þegar þörf er á.
- 4.6 Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

- 5.1 Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Vatnshiti á ekki að fara yfir 43°C á töppunarstað.
- 5.2 Þar sem lítil notkun er á neysluvatnskerfum skal þess gætt að kerfin séu yfirhituð með minnst 70°C heitu vatni nægjanlega oft til að koma í veg fyrir hættu á örveruvexti.
- 5.3 Öll hættuleg tæki og hættuleg efni, eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki, skulu geymd á tryggan og öruggan hátt þar sem börn og óviðkomandi ná ekki til. Sé um að ræða hættumerktar efnavörur skulu öryggisblöð vera aðgengileg notenda. Gæta skal að því að um nýjustu útgáfu sé að ræða.
- 5.4 Rekstri starfseminnar skal háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Tæki og búnaður sem tilheyrir starfseminni skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og reglulega yfirfarinn.
- 5.5 Starfsfólk skal hafi hlotið viðeigandi þjálfun. Fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina ef við á.
- 5.6 Öryggisreglur skulu vera sýnilegar þar sem við á.

## 6. INNRA EFTIRLIT

- 6.1 Innra eftirlit skal vera skriflegt og endurskoðað reglulega. Í því felst m.a. að:
  - Tilgreina áhættuþætti og fyrirbyggjandi aðgerðir ásamt því að útbúa áhættumat
  - Viðhafa skriflegar hreinlætisáætlanir
  - Skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks
  - Skrá óhöpp, slys og úrbætur, sem og frávík varðandi öryggisþætti
  - Skrá viðhald tækja og búnaðar

## 7. MATVÆLI

- 7.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

## 8. TÓBAKSVARNIR

- 8.1 Fara skal að ákvæðum laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.

## 9. UMHVERFISMÁL

- 9.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein, snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 9.2 Haga skal starfseminni þannig að ekki valdi mengun eða ónæði í nærumhverfi.

- 9.3 Aðstaða til að geyma og flokka úrgang skal vera til staðar. Flokkun úrgangs skal vera í samræmi við reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykktir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs.
- 9.4 Fjöldi sorpíláta skal vera í samræmi við umfang starfseminnar. Ganga skal þannig frá sorpílátum og sorpgeymslum að þær valdi ekki óþrifum eða óþægindum.
- 9.5 Frágangur fráveitu skal vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun eftir því sem við á.

## **10. AÐGANGUR DÝRA AÐ TILTEKNUM SVÆÐUM, HÚSNÆÐI OG ALMENNINGSAMGÖNGUTÆKJUM**

- 10.1 Um gæludýrahald skal fara eftir samþykkt viðkomandi sveitarfélags.
- 10.2 Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn á sjúkrastofnanir, skóla, leikvelli, fangelsi, íþróttastöðvar, snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur, húðflúrstofur, samkomuhús, gististaði í flokki II, III og IV, mötuneyti, sumarbúðir fyrir börn og almenningsamgöngutæki nema að um það sé sérstaklega getið eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar.
- 10.3 Heimilt er fólki með fötlun að hafa með sér hjálparhunda enda sé viðkomandi einstaklingi ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur.
- 10.4 Rekstraraðilum veitingastaða er heimilt að leyfa að komið sé með hunda og ketti í veitingasali að uppfylltum skilyrðum í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Rekstraraðilar skulu tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd sé ákvæði þessarar heimildar nýtt.

## **11. SÉRTÆK SKILYRÐI FYRIR HJÓLHÝSA-, SMÁHÝSA-, OG TJALDSVÆÐI**

- 11.1 Skilyrði þessi gilda fyrir rekstur tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæða sem ætluð eru ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.
- 11.2 Við staðsetningu og rekstur tjald- og hjólhýsasvæða fyrir ferðamenn skal þess gætt að ferðamenn og aðrir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, svo sem vegna umferðar, hávaða og ólyktar. Enn fremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálægra íbúa.
- 11.3 Rekstraraðili svæðisins skal sjá um að það sé þrifið, að umgengni sé góð og öryggisgæsla sé nægjanleg.
- 11.4 Umgengnisreglur skulu vera til staðar og sýnilegar gestum og þeim sem nota viðkomandi þjónustu.
- 11.5 Á svæðinu skal vera aðstaða til uppvotta og fullnægjandi aðstaða fyrir sorp.
- 11.6 Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalarni. Rekstraraðili skal veita gestum upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

- 11.7 Fyrir 25 gesti skal vera ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fólks með fötlun. Fyrir 26-50 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fólks með fötlun a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 50 skal vera eitt salerni. Þvagskálar geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni þeirra sem geta nýtt þannig aðstöðu. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.
- 11.8 Þess skal gætt við staðsetningu útisalerna að af þeim stafi ekki óheilmæmi, ólykt og óþrifnaður.

## 12. SMÁHÝSI

- 12.1 Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum búnaði ef við á, áður en nýjum gesti er vísað til gistihverbergis eða rúms.
- 12.2 Fullbúin baðaðstaða skal vera á staðnum ef hana er ekki að finna í gistihverbergi. Ekki skulu vera fleiri en tíu viðskiptavinir um fullbúna baðaðstöðu með búningsklefa.
- 12.3 Við staðsetningu og rekstur skal þess gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, svo sem vegna umferðar, hávaða eða ólyktar. Enn fremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálæggra íbúa.

## 13. LEIKSVÆÐI

- 13.1 Rekstraraðili skal tryggja öryggi og leitast við að koma í veg fyrir slys. Hann skal í innra eftirliti setja starfsreglur hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á.
- 13.2 Um öryggi leiksvæða gilda ákvæði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða.
- 13.3 Til að tryggja öryggi barna á leiksvæðum skal við hönnun og gerð leiksvæða fara eftir ákvæðum í viðauka II.

## 14. EFTIRLIT

- 14.1 Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með starfsemi rekstraraðila.
- 14.2 Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku.
- 14.3 Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.
- 14.4 Heilbrigðisnefnd getur sett fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum þessum, en þó ávallt í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og almennra krafna sem eiga við um starfsemina.

## 15. VALDSVIÐ, VIÐURLÖG OG ÞVINGUNARÚRRÆÐI

15.1 Rekstraraðili ber að fylgja fyrirmælum viðkomandi heilbrigðisnefndar um kröfur og starfshætti sem varða hollustuhætti. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum. Þá getur heilbrigðisnefnd upplýst Umhverfis- og orkustofnun um frávik þar sem kemur til að beita stjórnvaldssektum, sbr. XIX. kafla laganna og 50. gr. í reglugerð.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:** Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti, reglugerð nr. 536/2011 um neysluvatn, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, Lög nr. 61/2013 efnalög